



**Ávarp forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
á afmæli Félagsvísindadeildar Háskóla Íslands  
6. september 1996**

Ágætir hátíðargestir,

Það er mér sérstök ánægja að vera með ykkur í dag og fagna merkurum áfanga í þróun íslenskra félagsvísinda.

Á þessum vettvangi átti ég einhver ánægjulegustu ár starfsævi minnar, batt bönd vináttu og samstarfs við nemendur og kennara.

Innan veggja deildarinnar lærði ég líka rækilega þá lexíu að lögmálum rökhyggjunnar eru takmörk sett og tilviljanir örlaganna eru oft áhrifaríkar. Það var þegar ég skyndilega á septemberdögum 1988 var kallaður frá önnum við haustpróf til annarra verka, skildi jafnvel inniskóna eftir á skrifstofunni í Odda og hef reyndar ekki komið aftur á formlegan vettvang deildarinnar fyrr en nú.

Þessi glettni örlaganna er mér ekki aðeins áminning um hið fornkveðna að enginn veit sína ævi fyrr en öll er, heldur einnig vísbending um að vissara er að temja sér hógværd þegar spádómsgeta hinnar félagsvísindalegu rökgreiningar er mæld og vegin.

Viðfangsefni okkar er fólk, manneskjur með vit og sjálfstæðan vilja, getu til að sækja inn á nýjar brautir og gera að engu það sem áður var kannað

Vandi okkar er því á margan hátt meiri en í öðrum fræðigreinum. Við reynum að skilja samtímann og rýna í framtíðina með fortíðina að efniviði en erum samt háð þeirri nútíð þar sem sköpun hins nýja er skýr.

Til að auka vandann enn frekar erum við sjálf oft hluti af viðfangsefninu, bundin böndum tilfinninga, sögu og jafnvel hagsmuna. Krafan um hinn fræðilega aga er því á margan hátt brýnni og fjölbættari á vettvangi félagsvísindanna en annarra fræða.

Mér er enn í fersku minni vetrarkvöldið í Norræna húsinu fyrir 27 árum þegar ég reyndi að kynna í einum, allt of löngum, fyrirlestri eðli, viðfangsefni og sögu stjórnmálafræðinnar, fáeinum misserum áður en

kennsla hófst í greininni hér við skólann. Á mig starði troðfullur salur af tortryggnum augum. Allir efuðust um að hægt væri að fjalla fræðilega um flokka og þjóðþing, kjósendur og ráðuneyti, hagsmunaglímu, valdaskak og fjölmiðlun, og það af þessum nýgræðingi sem fremur var þekktur af því að vera óþekkur ungur framsóknarmaður en agaður og óhlutdrægur fræðimaður. Var virkilega hægt að vera í senn virkur þátttakandi í þróun samfélagsins og fulltrúi vísinda sem skiluðu fræðilegum niðurstöðum óháð persónulegum skoðunum rannsakandans?

Það var spurning sem oft var spurt í árdaga íslenskra félagsvísinda. Hún skóp okkur, líkt og starfsfélögum okkar um allan heim, þá ögrun að vera í senn fræðimenn og þátttakendur í hinum samfélagslega veruleika, að sanna að félagsvísindin skila þekkingu sem er óháð stjórnámálaskoðunum, hagsmunum eða hleypidómum rannsakandans, að lestur hins fræðilega texta veiti enga vísbendingu um stöðu höfundar á vettvangi hinna daglegu þjóðmálaumræðu.

Það var okkur sem störfuðum innan Námsbrautarinnar í þjóðfélagsfræðum mikið ánægjuefni að taka höndum saman við þá sem verið höfðu innan Heimspekideildar og aðra sem komu nýir að verki og stofna Félagsvísindadeild við Háskóla Íslands fyrir 20 árum síðan. Allir sem hér hafa lagt hönd á plóg geta í dag fagnað góðum árangri.

Félagsvísindadeildin er orðin ein öflugasta deild Háskóla Íslands, burðarás í sókn skólans inn á nýjar lendum.

Hún hefur skilað nemendum menntun sem nýtur virðingar í alþjóðlegu fræðasamfélagi og veitir möguleika á fjölþættum störfum í íslensku þjóðfélagi. Rannsóknir innan deildarinnar hafa aukið nýjum þáttum í sjálfsþekkingu Íslendinga og fært margvíslegan fróðleik á vettvang fræðanna víða um veröld. Íslenskir félagsvísindamenn eru nú virkir þátttakendur í alþjóðlegu rannsóknarsamstarfi og hafa nýtt af kunnáttu og hugkvæmni þá sérstöðu sem aðgangur að hinu smáa íslenska samfélagi getur skapað.

Vissulega gat okkur áður fyrr nánast fallist hendur vegna þeirra erfiðleika sem við blöstu við þróun deildarinnar, jafnvel í hverju spori. Að skapa á skömmum tíma fullmótaða háskóladeild sem stæði undir nafni í hinn alþjóðlegu fræðaveröld var á upphafsárunum nánast fífldirfska, meira í ætt við fornan íslenskan hetjuhug en hversdagslegt raunsæi. En til að sanna að goðsögnin um getu Íslendinga sé enn í fullu gildi komum við saman hér í dag til að óska hvert öðru til hamingju með árangurinn.

Ég er jafnvel farinn að vinna aftur í gamla húsnæði okkar Svans, Haraldar og Þorbjörns við Sóleyjargötuna, líkt og ekkert hafi í skorist,

nánast komin aftur heim, farinn að temja mér á ný og á sama stað, Staðastað, þá fjarlægð og óhlutdrægni sem hæfir jafnt fræðimanninum og minni nýju ábyrgð. Kannski verður það veganestið héðan sem mun reynast mér notadryggt. Fyrir það vil ég þakka á þessum degi.

Um leið og ég óska ykkur velfaranaðar um alla framtíð langar mig að ítreka fáeinar lífsreglur sem ég áréttaði oft áður fyrir á þessum vettvangi. Ég er sannfærður um að séu þær hafðar í heiðri þá muni deildin og íslensk félagsvísindi ávallt njóta virðingar og velgengni.

Í fyrsta lagi er skylda deildarinnar að auka jafnt og þétt skilning og þekkingu á íslensku þjóðfélagi, að gera Íslendingum kleift að nema höfuðeinkenni þeirrar þróunar sem mótað hefur samfélag okkar og greina þau einkenni sem sterkast setja framtíðinni skorður en skapa einnig ný tækifæri.

Í öðru lagi að vera virkur þátttakandi í alþjóðlegu fræðastarfi og hafa þá ætíð í huga að hver og einn ber ábyrgð á þeim orðstír sem íslensk félagsvísindi njóta í veröldinni.

Í þriðja lagi að veita nemendum menntun sem stenst ýtrustu kröfur og veitir þeim aðgang að fremstu fræðasetrum í öðrum löndum, að próf frá Háskóla Íslands sé gæðavara sem allir virða.

Í fjórða lagi að fylgja þeirri reglu að um leið og kennarinn hefur fyrirlestur sinn eða lætur frá sér fara fræðilegan texta er hann merkisberi íslenskra félagsvísinda en ekki fulltrúi fyrir lífsskoðun, stjórnmalastefnu eða hagsmuni. Um leið og sérhver kennari á sjálfsagðan borgaralegan rétt til að hafa lýðræðisleg áhrif á vettvangi þjóðmála og samfélagsþróunar þá krefst leikvöllur fræðanna meiri aga og lýtur öðrum mælikvörðum. Innan veggja skólans og á vettvangi fræðanna verður að fylgja þeirri sjálfsafneitun sem kennd er í klastrum og tamin með langri ögun. Orðræða vísindanna er önnur er umræðan í hita hins þjóðfélagslega leiks.

Ég lagði nemendum mínum tíðum þá lífsreglu að út á lóðinni gætu þau sagt hvað sem væri, en um leið og gengið væri inn á vettvang háskólans yrðu allir, kennarar jafnt sem nemendur, að standast hinar ströngu, fræðilegu kröfur í umfjöllun og rannsóknum.

Ég veit að þið fyrirgefið gömlum kennara að vera enn á ný að fara með slíka lexíu. En séu þessar lífsreglur hafðar í heiðri þá getur Félagsvísindadeildin fagnað mörgum merkisafmælum á nýrri öld.

Ég óska ykkur öllum til hamingju með daginn.